**Auka fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki þriðjudaginn 28. apríl 2026, klukkan 20:00.**

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. **Breiðablik – framkvæmdir**

    **Sérfræðiálit**

    Að beiðni sveitarstjórnar var unnið sérfræðiálit í samræmi við ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Ólafur Sveinsson, hagverkfræðingur vann álitið.

    Sérfræðiálitð er lagt fram.

    **Viðauki II**
    Viðauki II við fjárhagsáætlun 2026 lagður fram. Með viðaukanum er samþykkt 39.432.000 kr. hækkun í málaflokki 32, eignasjóði. Viðaukanum verður mætt með lækkun á handbæru fé.

    Viðauki II er samþykktur samhljóða.

    Fyrir liggur mikil viðhaldsþörf á húsnæði sveitarfélagsins á Breiðabliki.

    Samþykkt er samhljóða að halda áfram með verkefnið og oddvita falið að vinna málið áfram og auglýsa verðkönnun.

    Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og send í rafræna undirritun.
    Fundi slitið kl. 20:50.

# Undirritunarsíða

## Herdís Þórðardóttir

Undirritað af:
Herdís Þórðardóttir
1205642939
Dags: 28.04.2026
Tími: 21:58:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c92c89b8-6036-4164-a614-17e6f4ddd523

## Veronika G Sigurvinsdóttir

Undirritað af:
Veronika G Sigurvinsdóttir
3112685899
Dags: 28.04.2026
Tími: 21:26:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c92c89b8-6036-4164-a614-17e6f4ddd523

## Guðbjörg Gunnarsdóttir

Undirritað af:
Guðbjörg Gunnarsdóttir
1505644259
Dags: 28.04.2026
Tími: 21:51:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c92c89b8-6036-4164-a614-17e6f4ddd523

## Þröstur Aðalbjarnarson

Undirritað af:
Þröstur Aðalbjarnarson
2702742939
Dags: 28.04.2026
Tími: 21:26:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c92c89b8-6036-4164-a614-17e6f4ddd523

## Sigurbjörg Ellen Ottesen

Undirritað af:
Sigurbjörg Ellen Ottesen
0507823959
Dags: 28.04.2026
Tími: 21:22:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c92c89b8-6036-4164-a614-17e6f4ddd523

**Eyja- og Miklaholtshreppur**

**Sigurbjörg Ottesen, oddviti**

Að beiðni oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps hefur undirritaður tekið saman eftirfarandi álit vegna fyrirhugaðra endurbóta við þak og veggi á félagsheimilinu Breiðablik að fjárhæð 79,4 millj. kr. Álit þetta er tekið saman í samræmi við ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Lagaákvæðið er eftirfarandi:

> Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.
>
> Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholthrepps hefur nú til umræðu viðauka við fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á Breiðabliki. Framkvæmdirnar fela í sér endurnýjun klæðningar á veggjum og skipt verði um þak. Kostnaður vegna framkvæmda verður eignfærður í málaflokki 32 Eignasjóði og til lækkunar á handbæru fé.

Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029. Samkvæmt upplýsingum frá oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps felur framkvæmdin í sér endurbætur á félagsheimilinu Breiðabliki í samræmi við tilboð sem sveitarfélagið hefur fengið vegna þeirra. Mun sveitarfélagið mæta framkvæmdunum með lækkun handbærs fjár.

Eftirfarandi eru töflur þar sem fram kemur samanburður á helstu lykilstærðum A og B hluta með hliðsjón af ársreikningum áranna 2023 og 2024 og útkomuspá 2025 samþykktri fjárhagsáætlun áranna 2026-2029.

Þ.S.

**Eyja- og Miklaholtshreppur**

**Samanburður rauntalna og áætlana samstæða A og B hluta í þúsundum króna**

| Fjárhagsáætlun með viðauka vegna framkvæmda<br>Fjárfestingaráætlun 79,4 millj. kr. | Ársreikningur ársins 2023 | Ársreikningur ársins 2024 | Útkomuspá ársins 2025 | Áætlun ársins 2026 | Áætlun ársins 2027 | Áætlun ársins 2028 | Áætlun ársins 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 242.093 | 239.624 | 244.713 | 426.140 | 269.217 | 278.335 | 287.816 |
| Rekstrargjöld | 206.456 | 214.347 | 224.493 | 252.770 | 259.875 | 261.164 | 267.638 |
| Afskriftir | 5.040 | 3.955 | 1.897 | 2.892 | 3.350 | 3.350 | 3.350 |
| Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld) | 3.786 | 6.478 | 11.558 | 10.335 | 19.561 | 21.495 | 23.981 |
| Rekstrarniðurstaða | 34.383 | 27.800 | 29.881 | 180.814 | 25.553 | 35.317 | 40.809 |
| Handbært fé | 100.542 | 138.221 | 159.896 | 317.303 | 346.600 | 386.586 | 431.993 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | 37.106 | 21.533 | 30.576 | 19.099 | 31.197 | 40.922 | 46.375 |
| Skuldir | 39.628 | 31.583 | 31.583 | 31.583 | 31.011 | 31.011 | 31.011 |
| Skuldahlutfall | 16% | 13% | 13% | 7% | 12% | 11% | 11% |
| Rekstrarjöfnuður | 10.558 | 76.961 | 92.064 | 238.495 | 236.248 | 241.684 | 101.680 |

| Upphafleg áætlun án viðauka | Ársreikningur ársins 2023 | Ársreikningur ársins 2024 | Útkomuspá ársins 2025 | Áætlun ársins 2026 | Áætlun ársins 2027 | Áætlun ársins 2028 | Áætlun ársins 2028 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 242.093 | 239.624 | 244.713 | 426.140 | 269.217 | 278.335 | 287.816 |
| Rekstrargjöld | 206.456 | 214.347 | 224.493 | 252.770 | 259.875 | 261.164 | 267.638 |
| Afskriftir | 5.040 | 3.955 | 1.897 | 2.892 | 2.364 | 2.364 | 2.364 |
| Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld | 3.786 | 6.478 | 11.558 | 11.609 | 21.749 | 23.633 | 26.101 |
| Rekstrarniðurstaða | 34.383 | 27.800 | 29.881 | 182.088 | 28.727 | 38.441 | 43.915 |
| Handbært fé | 100.542 | 138.221 | 159.896 | 358.009 | 388.220 | 428.156 | 473.545 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | 37.106 | 21.533 | 30.576 | 18.113 | 30.211 | 39.936 | 45.389 |
| Skuldir | 39.628 | 31.583 | 31.583 | 31.583 | 31.011 | 31.011 | 31.011 |
| Skuldahlutfall | 16% | 13% | 13% | 7% | 12% | 11% | 11% |
| Rekstrarjöfnuður | 10.558 | 76.961 | 92.064 | 239.769 | 240.696 | 249.256 | 111.083 |

| Áhrif viðauka á helstu lykilstærðir rekstrar Eyja- og Miklaholtshrepps | Ársreikningur ársins 2023 | Ársreikningur ársins 2024 | Áætlun ársins 2025 | Áætlun ársins 2026 | Áætlun ársins 2027 | Áætlun ársins 2028 | Áætlun ársins 2028 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Rekstrargjöld | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskriftir | 0 | 0 | 0 | 0 | 986 | 986 | 986 |
| Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld | 0 | 0 | 0 | ( 1.274 ) | ( 2.188 ) | ( 2.138 ) | ( 2.120 ) |
| Rekstrarniðurstaða | 0 | 0 | 0 | ( 1.274 ) | ( 3.174 ) | ( 3.124 ) | ( 3.106 ) |
| Handbært fé | 0 | 0 | 0 | ( 40.706 ) | ( 41.620 ) | ( 41.570 ) | ( 41.552 ) |
| Veltufé frá (til) rekstrar | 0 | 0 | 0 | 986 | 986 | 986 | 986 |
| Skuldir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skuldahlutfall | ( 0 ) | ( 0 ) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Rekstrarjöfnuður | 0 | 0 | 0 | ( 1.274 ) | ( 4.448 ) | ( 7.572 ) | ( 9.403 ) |

Við yfirferð framangreindra gagna verður ekki séð að áform um endurnýjun á þaki og veggklæðningum á Breiðabliki hafi íþyngjandi langtímaáhrif á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins, gangi áætlanir eftir að öðru leyti. Rekstrarjöfnuður A og B hluta sveitarfélagsins verður jákvæður á tímabilinu. Gert er ráð fyrir jáværi rekstrarniðurstöðu samkvæmt útkomuspá 2025 og fjárhagsáætlun 2026-2029. Staða handbærs fjár lækkar á árinu 2026 en hækkar á árin 2027-2029. Þá er skuldahlutfall sveitafélagsins (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) vel undir þeim viðmiðunum sem sveitarstjórnarlög kveða á um. Auk þess á sveitarfélagið verulega fjármuni í handbæru fé.

Borgarnesi, 27. apríl 2026

Virðingarfyllst,

Ólafur Sveinsson
hagverkfræðingur